

Miðvikudaginn 26. október, 1988.

Nr. 282/1987. **Straumnes hf., Patreksfirði**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Straumnesi hf., Reykjavík

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Firma hlutafélags. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október 1987. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir aukadómþingi Vestur-Barðastrandarsýslu með stefnu birtri 20. október 1986. Með samkomulagi aðila var málið hafið þar 24. febrúar 1987 og höfðað að nýju fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 25. febrúar 1987.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig að dagsektir taka að falla á að liðnum 15 dögum frá birtingu dóms þessa.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 75.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að dagsektir taka að falla á að liðnum 15 dögum frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjandi, Straumnes hf., Patreksfirði, greiði stefnda, Straumnesi hf., Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, 75.000,00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að afloknum munnlegum málflutningi þann 16. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Straumnesi hf., Reykjavík, nnr. 8527-7650, með stefnu birtri 25. febrúar 1987 á hendur Straumnesi hf., Patreksfirði, nnr. 9343-5699.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að hinu stefnda félagi sé óheimilt að nota nafnið „Straumnes h.f.“ sem firmaheiti fyrir félagið og að félaginu verði gert skylt að láta afmá nafnið úr hluta-félagaskrá að viðlögðum dagsektum kr. 1.000,00 á dag. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi hans.

Sættir voru reyndar með aðilum en án árangurs.

II.

Stefnandi byggir mál sitt á því að þann 31. október 1976 hafi verið stofnað í Reykjavík félagið Straumnes hf. og hafi stofnun þess verið tilkynnt hlutafélagaskrá þann 19. nóvember sama ár. Tilgangur félagsins skv. þeirri tilkynningu hafi verið verslunarrekstur, lánastarfsemi og rekstur þar að lútandi og hafi félagið upp frá því rekið verslun í Reykjavík. Í Lögbirtingablaðinu 23. maí 1986 hafi hins vegar mátt lesa tilkynningu um skráningu félagsins Straumnes hf., Patreksfirði, og sé tilgangur þess félags alhliða fiskvinnsla og útgerð og annar skyldur atvinnurekstur.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann eigi einkarétt á nafninu Straumnes hf. Skv. 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð skuli aðgreina skrásett firmu hvert frá öðru. Enn fremur bendir stefnandi á 30. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti þar sem segi að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn sem sá hafi ekki rétt til. Þá segi þar einnig að bannað sé að nota auðkenni sem leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkennum sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Sá sem fyrr skráir firma eigi einkarétt á notkun þess og því eigi stefnandi tvímælalaust skv. lögum þessum einkarétt á nafninu Straumnes hf.

Stefnandi visar einnig til 6. mgr. 148. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

III.

Af hálfu stefnda er eindregið mótmælt þeirri lagatúlkun stefnanda, að hann eigi skv. framangreindum lagaheimildum tvímælausan einkarétt á nafninu Straumnes hf.

Stefndi kveður túlkun hlutafélagaskrár í Reykjavík á framangreindum

lagaákvæðum vera og hafa verið þá að heimila ekki skráningar fyrirtækja með sama nafni innan sama sveitarfélags og ef um hliðstæðan eða sama atvinnurekstur sé að ræða. Lagaákvæðin séu því túlkuð af hlutafélagaskrá beint skv. orðanna hljóðan. Skráning fyrirtækis stefnda hafi enda verið gerð án nokkurra athugasemda. Þau fyrirtæki sem hér eigi í hlut séu hvort á sínu landshorninu og reki eins óskylda starfsemi og hugsast geti, annað reki verslun en hitt útgerð og fiskveiðar.

Skv. munnlegum upplýsingum hlutafélagaskrár muni vera talsverð brögð að því að hlutafélög beri sama nafn hér á landi. Sennilega muni vera skráð 3 hlutafélög með nafninu Straumnes hf. Meginsjónarmið löggjafans virðist fyrst og fremst vera það sem fram komi í 30. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, að sérhverjum sé bannað að nota auðkenni sem hann eigi tilkall til á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Hér gæti verið um að ræða bæði vörumerki og nafn á fyrirtæki ef það er til þess fallið að villst verði á því og öðru fyrirtæki.

Í þessu tilfelli geti því sjónarmiði varla verið til að dreifa. Engin líkindi séu til þess, að villst verði á útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækinu Straumnesi hf., Patreksfirði, og verslunarfirmanu Straumnesi hf., Reykjavík.

Stefndi bendir á að ef fallist yrði á kröfu stefnanda í þessu máli myndi það kippa stóðum undan núverandi fyrirkomulagi og knýja fram nafnbreytingar á fjölda fyrirtækja úti um land allt.

IV.

Forsendur og niðurstaða:

Stefnandi tilkynnti firmanafn sitt, Straumnes hf., til hlutafélagaskrár hinn 19. nóvember 1976 og hafði notað það um verslunarrekstur sinn óslitið frá þeim tíma þegar hið stefnda hlutafélag, Straumnes hf. á Patreksfirði, var stofnað og stofnun þess tilkynnt hlutafélagaskrá þann 15. febrúar 1986.

Starfsemi firma stefnda er að vísu á öðru starfssviði og í öðrum landshluta en starfsemi stefnanda. Allt að einu verður að telja að stefnandi, sem tók orðið Straumnes upp sem firmaheiti á hlutafélagi sínu á undan stefnda, hafi við skráninguna óðlast einkarétt til notkunar þess firmaheitis í atvinnurekstri sínum skv. 10. gr. laga nr. 42/1903 sbr. og 30. gr. laga nr. 56/1978.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það með stefnanda að skrásetning firmanafns stefnda sé brot á einkarétti stefnanda til notkunar firmanafnsins Straumnes hf. og ber stefnda því að kröfu stefnanda að láta afmá firmanafnið Straumnes hf. úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlögum 1.000,00 króna dagsektum til stefnanda sbr. 3. tl. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans. Arnfriður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Straumnesi hf. á Patreksfirði, er óheimilt að nota firmanafnið „Straumnes h.f.“ Stefnda er skylt að láta afmá það heiti úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum sem renni til stefnanda, Straumness hf. í Reykjavík.

Stefndi, Straumnes hf. á Patreksfirði, greiði stefnanda, Straumnesi hf. í Reykjavík, kr. 40.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1988.

Nr. 243/1987. **Hvoll h/f, Eyrarbakka**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Hvoli h/f, Reykjavík

(Hákon Árnason hrl.)

Firma hlutafélags. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi, Hvoli h/f, Eyrarbakka, Árnæssýslu, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. ágúst 1987. Gerir